



Félag háskólakennara

1. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn föstudaginn 28. ágúst 2015 í Bændahöllinni.

Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Michael Dal, Berglind Rós Magnúsdóttir og Helgi Áss Grétarsson. Ármann Höskuldsson boðaði forföll. Helga Birna Ingimundardóttir ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 4. maí 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
2. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags. 12. maí 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
3. Fundargerð aðalfundar Félags háskólakennara dags. 12. maí 2015, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu.
4. Staða kjaramála.
 - i. Helstu atriði gerðardóms í deilu BHM og SNR.
 - ii. Greiðslur Fh í verkfallssjóð BHM.
5. Ársmat og vinnumat.
6. Skýrsla starfshóps um réttindi og kjör stundakennara við HÍ, umsögn til háskólaráðs.
7. Kjarakönnun BHM, helstu atriði.
8. Helstu stefnumál stjórnar á komandi vetri.
9. Norrænn fundur á Íslandi 30. maí til 1. júní 2016.
10. Stjórn skipti með sér verkum, ákveði fulltrúa á háskólaþingi og ákveði fastan fundartíma.

1. – 3. Fundargerði stjórnarfunda og aðalfundar 2014.

Samþykkt og til birtingar á heimasíðu.

10. Stjórn skipti með sér verkum, ákveði fulltrúa á háskólaþingi og fundartíma.

Samþykkt var að færa dagskrárlið nr. 10 fremst í dagskránnu.

Ákveðið var að Michael Dal verði áfram varaformaður Félags háskólakennara, Baldvin Zarióh ritari stjórnar og Guðmundur Ingi gjaldkeri.

Ákveðið var að Berglind Rós verði fulltrúi félagsins á Háskólaþingi og Ármann Höskuldsson varamaður.

Ákveðið var að fundartími stjórnar verði fyrsti miðvikudagur hvers mánaðar í hádegi.

4. Staða kjaramála.

Formaður félagsins sagði frá niðurstöðu gerðardóms, þýðingu hans fyrir Félag háskólakennara og stöðu viðræðna félagsins við SNR annars vegar og HÍ hins vegar. Sagt var frá hugmynd að nýrri launatöflu sem unnin er í samvinnu við FPR. SNR hefur gefið félögunum báðum grænt ljós til þess að þróa hugmyndina áfram og opnað á viðræður um hana. Hugmyndin gengur út á það að launaröðunin færi annars vegar fram lóðrétt út frá rannsóknastigum og hins vegar lárétt úr frá öðrum stigum. Félögin eiga í viðræðum við HÍ og næsti fundur aðila verður haldinn síðar í dag. Þá er áætlaður fundur með SNR í næstu viku. Stjórnarmenn veltu upp og ræddu ýmsar

hugmyndir að lengd samningstímans, samfloti við FPR og launahækkunar. Formaður óskaði eftir umboði stjórnarmanna til að halda þessum viðræðum áfram á þessum nótum þ.e. ný launatafla og/eða nýtt launakerfi og samstarfi við FPR. Stjórnarmenn samþykktu það.

Sagt var frá stöðu verkfallssjóðs BHM og greiðslur Félags háskólakennara í hann. Félagsfundur ákvað í vor að heimila stjórn að styðja sjóðinn í verkfalli aðildarféлага í BHM í júní. Það var gert og nú telja stjórnarmenn að ekki sé lengur grundvöllur til frekari greiðslna þar sem félagið á sjálft í samningaviðræðum við ríkið og gæti því þurft grípa til kostnaðarsamra aðgerða, ef þær dragast á langinn. Þá var félagið ekki aðili að dómi gerðardóms og hefur ekki notið þeirra hækkana sem úrskurðað var um. Félagið hafi tekið þátt í verkfallssjóði BHM í góðri trú um að fylgja þeim samningi sem samið yrði um á endanum milli félaganna og SNR.

Rætt var um þá stöðu að margir akademískir starfsmenn telja að þeir eigi að vera í sama stéttarfélagi og próffessorar þ.e. í einu akademísku stéttarfélagi. Umræður þess efnis hafa verið háværar á samskiptamiðlinum „Facebook“ í sérstökum lokuðum hópi. Formaður gerði grein fyrir aðdraganda þess að próffessorar ákváðu að kljúfa sig úr Félagi háskólakennara á sínum tíma. Þá var einnig rætt um mikilvægi þess að akademískir félagsmenn Fh fái réttar upplýsingar um þessa stöðu. Stjórnarmenn voru sammála um að nú væri tími til þess að einbeita sér og nota krafta í kjarasamningsviðræður. Umræðunni um eitt akademísk stéttarfélag þyrfti hins vegar að halda opinni í komandi framtíð.

5. Ársmat og vinnumat.

Ársmat 2015 er kr. 190.000 fyrir fullt starf.
Vinnumatssig 2015 er kr. 28.700 per. stig.

6. Skýrsla starfshóps um réttindi og kjör stundakennara við HÍ, umsögn.

Málið rætt og ákveðið að stjórnarmenn sendi á framkvæmdastjóra athugasemdir og punkta til umsagnar um skýrsluna.

7. Kjarakönnun BHM.

Fyrir fundinn lágu helstu niðurstöður kjarakönnunar BHM annars vegar og svo niðurstöður fyrir Félag háskólakennara eingöngu, hins vegar. Málið rætt lítillaga, frestað til næsta fundar.

8. Helstu stefnumál stjórnar á komandi vetri.

Rætt var um að viðræður um nýjan kjarasamning yrðu fyrirferðarmikil á komandi vetri og kjaramál almennt. Einnig var rætt um mat kennslustunda til vinnustunda, sérmálum Landsbókasafns – háskólabókasafns og annarra stofnana og framtíðarsýn um samstarf stéttarféлага, FPR og HAK.

9. Norrænn fundur á Íslandi, vor 2016.

Sagt var frá hugmyndum að fundarstað fyrir fundinn, annars vegar Vestmannaeyjar og hins vegar Hótel Stracta að Hellu. Framkvæmdastjóri bað stjórnarmenn um að huga að hugsanlegum efnistöfum á fundinum.

Fleira ekki gert.

Fundi lauk um 13:30.

